

## Jóhanna

STÆRÐIR	XS	(S	M	L)	cm
Yfirvídd:	80	(85	90	95)	cm
Lengd á bol að handvegi:	39	(42	44	45)	cm

### EFNI

#### Léttlopi – 50 gr dokkur

A – 1409 granatrauður	4	(4	5	5)
B – 0054 fölgrár	2	(2	2	2)

Hringprjónn nr 4½, 60 cm

### PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 18 L og 24 umf slétt prjón á prjóna nr 4½.  
Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

### AÐFERÐ

Bolur er prjónaður í hring. Við handveg er felld af í hvorri hlið og fitjaðar upp lykkjur fyrir ermum og axlastykki prjónað í hring. Umferð byrjar í vinstri hlið á bol og á axlastykki byrjar umferð á mótum bols og ermar vinstra megin á baki.



### VESTI

Fitjið upp 128 (136, 144, 152) L með lit A á hringprjón nr 4½. Tengid í hring og prjónið með lit:

A – 4 umf br,

B – 7 (8, 8, 8) umf sl,

A – 1 umf sl, 3 (3, 4, 4) umf br,

B – 7 (8, 8, 8) umf sl

A – 1 umf sl, 3 umf br, 1 umf sl

Prjónið nú stroffmunstur \*2 L sl, 2 L br\*, þar til bolur mælist 39 (42, 44, 45) cm frá uppfítjun eða þar til hann er hæfilega langur.

Næsta umf: Fellið af 9 (10, 11, 11) L, prjónið 55 (58, 61, 65) L (fram), fellið af næstu 9 (10, 11, 11) L og prjónið síðustu 55 (58, 61, 65) L (bak).


Næsta umf (ermar): Fitjið upp 37 (38, 39, 43) L (vinstri ermi), prjónið slétt yfir framstykkki, fitjið upp 37 (38, 39, 43) L (hægri ermi) og prjónið að lokum yfir bakstykkki => 184 (192, 200, 216) L. Prjónið 4 umf brugðið og síðan munstur samkvæmt teikningu. Að loknu munstri eru 69 (72, 75, 81) L eftir. Prjónið 14 umf slétt og fellið laust af.

### FRÁGANGUR





Gangið frá endum. Þvoið vestið í höndum og leggið til þerris. Látið kant í háls máli rúllast niður.

Hönnun: Jóhanna Hjaltadóttir

# MUNSTUR



### Lykill

-  A 1409
-  B 0054
-  prj 2 L sl saman
-  engin L